

**Nd.**

**610. Frumvarp til laga**

[16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,

ammonium-nitrats,

ammonium-fosfats.

Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenska jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjan má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.

5. gr.

Stjórn verksmiðjunnar ákveður, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, hvenær og hvar hún skuli reist. Skal það gert svo fljótt sem ástæður leyfa, en áður skal þó hafa fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlífir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlað og ákveður fyrir 1. marz

ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir.

- a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
- b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok apríl mánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar óafturkræft fé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni milljón króna. Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 milljónir kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.

Heimilt er að greiða hluthöfum í arð af hlutafé þeirra allt að 6 af hundraði.

Nú notar ríkisstjórnin heimild 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá stjórn verksmiðjunnar skipuð fimm mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá þeirra hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, og skipar landbúnaðarráðherra einn þeirra formann verksmiðjustjórnarinnar. Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo stjórnarnefndarmenn til eins árs í senn.

Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra, en hinn kosin af hluthöfum, öðrum en ríkissjóði. Að öðru leyti skulu á hluthafafundi engar takmarkanir vera á atkvæðarétti að því er hlutafé ríkisins snertir.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning fyrstu verksmiðjustjórnar samkvæmt 4. gr. fer fram á þingi því, er setur lög þessi, og gildir til ársloka 1952.